



**U S T**

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

✆ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 26. maí 2008  
Tilvísun: UST20080400037/hj

### **Jarðgerðarstöð á Þveráreyrum, Eyjafjarðarsveit.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2 apríl 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða að reisa jarðgerðarstöð í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit og felur framkvæmdin í sér byggingu 1200 m<sup>2</sup> húsnæðis fyrir jarðgerð innanhúss, þroskunarsvæði fyrir moltu. Jafnframt er gert ráð fyrir aðkomuvegi, vatnsöflun og yfirbyggðri geymslu fyrir stoðefni. Áætlað er að vinna 10 þúsund tonn á ári og er þar á meðal úrgangur frá sláturhúsum og kjötvinnslum sem og fiskúrgangur og matarleifar. Sem stoðefni á að nýta dagblaðapappír, tímaritapappír, umbúðapappa, garðaúrgang, timbur og hrossatað.

Eftir blöndun efnanna fer jarðgerðin fram í tromlum þar sem lofti er blásið inn til að hvetja? ferlið og lykt í aflofti eytt með ósóni áður en því er hleypt út. Moltan er svo sett í góða og flutt til þroskunar utandyra í 3-6 mánuði.

Í tilkynningunni kemur fram að tilgangurinn sé að jarðgera úrgang sem til fellur í Eyjafjarðarsveit og þannig stuðla að því að ná markmiðum sem sett eru fram í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og Landsáætlun Umhverfisstofnunar um að minnka þann lífræna úrgang sem fer til urðunar. Umhverfisstofnun vill benda á að ekki kemur skýrt fram hvort einhver flokkun á úrgangi mun eiga sér stað í stöðinni og því ekki ljóst hvort viðkomandi heilbrigðiseftirlit eða Umhverfisstofnun eigi að gefa út starfleyfi fyrir starfseminna.


Þau umhverfisáhrif sem gætu fylgt slíkri starfsemi eru annars vegar rask vegna uppbyggingarinnar og hins vegar áhrif á hljóðvist, lykt og frárennsli vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun telur umfjöllum um hugsanlega lyktarmengun frekar ónákvæma. Þar kemur fram að áhrif á loftgæði eru talin lítil, en engu að síður sé hætta á að lykt berist frá starfseminni. Ekki er getið um nálægð við íbúðabyggð eða hvort samráð hefur verið haft við þá sem þar búa. Umhverfisstofnun telur að betur hefði mátt gera grein fyrir reynslu með notkun ósóns til að eyða lykt frá jarðgerðarferli.

Umhverfisstofnun telur að starfsemin muni hafa áhrif á loftgæði og að búast megi við ásókn meindýra í þroskunarhauginn. Stofnunin bendir jafnframt á að í starfsleyfi er tekið á þessum atriðum og að almenningur getur gert athugasemdir við þau. Umhverfisstofnun telur að með góðum frágangi á plönum og niðurfalli og hreinsun fráveituvatns eigi ekki að vera hætta á mengun yfirborðsvatns eða jarðvegs og að rask vegna framkvæmdanna muni ekki hafa veruleg umhverfisáhrif.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í fór með sér.

Beðist er velvirðingar þeim drætti sem orðið hefur á svari frá stofnuninni.

Virðingarfyllst



Helgi Jónasson  
ráðgjafi



Hjalti Guðmundsson  
sviðsstjóri